



1. útgáfa 17.12.2015

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	NS TIDAL POWER HDX 15W-40		
Seigja:	SAE 15W-40		
Vörunúmer:	7505 7256200	200 L	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Smurólía á vélar.		
Notkun sem ráðið er frá	Þessa olíu ætti einungis að nota sem smurolíu á vélar, nema til komi ráðgjöf sérfræðings.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	North Sea Lubricants B.V.
	Dalvegur 10-14		Loenhorst 25
	201 Kópavogur		2402 LV Alphen an der Rijn
			Holland
Sími:	4401000		00-31-651345369
Netfang:	n1@n1.is		support@northsealubricants.com
Veffang:	www.n1.is		www.northsealubricants.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):	Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.
2.2 Merkingaratriði:	
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):	Ekki er krafist merkinga á vörunni.
Hættumerki	Engin
Viðvörðunarorð	Ekkert
Hættusetningar	Engar
Varnaðarsetningar	Engar
Heilsufarslegar hættur	Inniheldur kalsíumalkarýlsúlfonat m. löngum keðjum. Varan getur framkallað ofnæmisviðbrögð. Losið ekki í niðurföll. Fargið vöru og umbúðum á öruggan hátt.
Umhverfislegar hættur	Losun olíuefna getur spillt vatnsbólum, og myndað filmu á yfirborði sem takmarkar súrefnisflæði og skaðar lífríki í vatni. Varan er brennanleg.
2.3 Aðrar hættur:	Við notkun vélarólía, myndast lítið magn krabbameinsvaldandi efnasambanda við bruna. Notaðar vélarolíur hafa valdið húðkrabbameini í músum við endurtekin eða langvinn váhrif. Skammvinn snerting við notaðar vélarolíur er ekki talin valda fólki alvarlegum skaða, sé olían vandlega hreinsuð af húðinni með sápu og vatni. Forðist langvinna snertingu við notaðar vélarolíur. Innöndun olíuúða í háum styrk getur valdið ertingu í öndunarfærum. Olíuúði getur valdið hálkublettum, setjist hann á gólf eða aðra fleti.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við.

3.2 Blöndur: Blanda jarðolíuefna (PCA innihald <3%- IP 346), ásamt aukefnum.

Smurolíur (úr jarðolíu), C20-50, vetnismeðhöndlaðar, úr hlutlausri olíu			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	65 - 75
Raðnúmer	649-483-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	276-738-4	H-setningar	-
CAS	72623-87-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar	-		

Smurolíur (úr jarðolíu), C20-50, vetnismeðhöndlaðar, úr hlutlausri olíu, með mikla seigju			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	5 - 15
Raðnúmer	649-481-00-4	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	276-736-3	H-setningar	-
CAS	72623-85-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar	-		

Fjölólefína fjölamína súksínímíð, Pólýol			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	H53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar	Langv.eit.á vatn 3 - H412		

Kalsíum alkarylsúlfonat með löngum keðjum			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 3
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	H53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar	Langv.eit.á vatn 3 - H412		

Sínk alkýl dípíófosfat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,5 - 1,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, N
EINECS, ELINECS	271-877-7	H-setningar	H41, H51/53
CAS	68610-84-4	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar	Augnskað.1 - H318, Langv.eit.á vatn 2 - H411		

Kalsíum alkarylsúlfonat með löngum keðjum			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1 - 1,0
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	271-877-7	H-setningar	H43, H53
CAS	68610-84-4	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar	Húðnæm.1 - H317, Langv.eit.á vatn 3 - H412		

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni verði einkenna vart.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið aldrei olíuefni til hreinsunar á húð.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Inntaka	Leitið strax lækni. Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Hár styrkur olíuúða getur valdið ertingu í öndunarfærum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Við inntöku eða uppköst er hætta á ásvelgingu og lungnabólgu. Meðhöndlið á viðeigandi hátt.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, froða, slökkviduft, vatnsúði.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinið ekki vatnsgeisla beint á eld.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna myndast hættulegar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Notaðu vatnsúða til að kæla umbúðir og verja starfsfólk.

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysin

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði og nærliggjandi svæði eftir vindátt. Sjá liði 4, 5 og 8. Notið viðeigandi persónuhlífar samkvæmt ráðleggingum slökkviliðs og annarra hjálparstarfsmanna. Hreinsið húð vandlega að loknum hreinsunarstörfum.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í lokuð rými, niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið dælingu eða isogsefni, svo sem sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Reykið ekki. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnis, þ.á.m. með jarðtengingu allra íláta og búnaðar. Athugið að jarðtenging útilokar þó ekki uppsöfnun stöðurafragnis. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tæmdar umbúðir geta inni haldið efnaleifar. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað (<50°C), fjarri öllumeld- og neistagjöfum.

Geymið fjarri ósamrýmanlegum efnum (sterkum oxurum og sýrum).

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá tækniblöð um vöruna.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Olíuúði		5		10	Við innöndun (ACGIH), Þakgildi mest 4 sinnum á dag með amk 60 mín millibili.

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsoð eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166), eða andlitshlíf.

Húð - hendur

Notið leysiefnahelda hanska (EN 374).

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 465, EN 466, EN 467). Notið ekki skófatnað með leðursólum.

Öndunarfæri

Við venjulega notkun eru öndunarhlífar ekki nauðsynlegar. Athugið viðmiðunarmörk, sem gefin eru upp í lið 8, og veljið öndunarbúnað í samræmi við aðstæður hverju sinni, og í samræmi við lög og reglur. Notið í þeim tilvikum síu af gerð A (EN 141).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi - olíukenndur
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Gulleitur
Blossamark:	>200°C
Eðlismassi við 15°C:	0,884 g/cm ³
Vatnsleysni:	Afar torleyst, blandast lítt eða ekki.
Seigja (100°C):	15,0 cSt

9.2 Aðrar upplýsingar:

Rennslismark:	-24°C
---------------	-------

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Sjá að neðan.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin við venjulegar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt eða lágt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Engin við venjulegar notkunaraðstæður.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:	Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.
Ertíng:	Ekki er gert ráð fyrir ertingaráhrifum.
Ætíng:	Skaðleg áhrif eru ekki þekkt.
Næming:	Magn mögulegra næmingarvalda í vörunni er það lítið að tilraunir hafa ekki leitt í ljós næmingu í húð.
Endurtekin eiturrhif:	Á ekki við.
Krabbamein:	Varan inniheldur mikið hreinsaðar olíur úr jarðolíu, sem ekki eru taldar krabbameinsvaldar af IARC. Allar olíur í vörunni hafa mælt með <3% útdráttarbæru innihaldi skv. IP-346 prófi.
Stökkbreytingar:	Varan er ekki talin valda stökkbreytingum.
Eitrun æxlunarfæra:	Neikvætt.
Inntaka:	Getur valdið ógleði, uppköstum og niðurgangi.
Innöndun:	Ekki talin mynda umtalsverða hættu á váhrifum.
Húð:	Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið ertingu.
Augu:	Veldur vægri ertingu.
Önnur áhrif:	Ekki er vitað um önnur eðlis-/efna-/eiturfraðileg váhrif, né vegna langvinnrar snertingar við vöruna.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Upplýsingar um eiturhrif liggja ekki fyrir.

12.2 Stöðugleiki og niðurbrot:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Hefur ekki verið ákvörðuð.

12.4 Dreifanleiki:

Lítill dreifanleiki í jarðvegi. Sum innihaldsefna gætu mengað grunnvatn. Varan dreifist á vatnsyfirborði.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

Athugið að tómar umbúðir gætu innihaldið efnaleifar. Geymið á öruggum stað. Alls ekki skal setja tómar umbúðir undir þrýsting, skera, rafsjóða, bora, eða aðhafast nokkuð sem gæti myndað neista. Forðist einnig hátt hitastig, stöðurafragn og annað sem gæti valdið íkveikju.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :
13 02 05 (vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr jarðolíum og eru án klórs)
15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

IMDG:

Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

IATA:

Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

15. Upplýsingar varðandi regluverk

13.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010. Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

13.2 Efnaöryggismat:

Á ekki við.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H717	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags:

1/17.12.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

NORTH SEA LUBRICANT BV

Material Safety Data Sheet

Tidal Power HDX 15W-40

Útgáfa:

26.10.2010

Endurskoðun: 0